

Félag eldri borgara á Akureyri

8. stjórnarfundur EBAK, 16. desember 2019 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Birgir Björn Svavarsson, Garðar Lárusson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fjarverandi: Nanna Þórsdóttir, Sigurður Harðarson og Egill Jónsson.

- 1. Fundarsetning.** Fundur settur kl. 13.10.
- 2. Fundargerð** til afgreiðslu: 7. stjórnarfundur 27. nóvember 2019. Samþykkt samhljóða.
- 3. Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. 27. nóv. var Sigurður, tveir gengu í félagið, eitt símtal; 4. des. var Nanna ekkert gerðist; 11. des. var lokað vegna óveðurs.
- 4. Viðvera á skrifstofu:** 18. des. Hallgrímur; 8. jan. Garðar, 15. jan. Dóra..
- 5. Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 15. janúar 2020 kl. 13:00-15:00. Samþykkt. Fundur FKR og uppstillingarnefndar ákveðinn mánudaginn 20. jan. kl. 13.
- 6. Fulltrúar EBAK í öldungaráði Akureyrarbæjar.** Sigríður Stefánsdóttir varaformaður ráðsins ræddi samstarfið við EBAK, nýja samþykkt öldungaráðs, tillögur varðandi fjárhagsáætlun og samráðsfund ráðsins og bæjarráðs. Þar var lögð áhersla á könnun á högum aldraðra og stefnumótun. Leggja á starfshóp um heilsueflingu niður í núverandi mynd. Bent var á frístundastyrk og frítt í sund fyrir eldri borgara. Tómsundastarf þarf að vera á ársgrundvelli. Búið er að endurbæta heimasíðuna *akureyri.is*, þjónusta fyrir eldri borgara er komin á einn stað. Rætt hefur verið um fjölbreyttari heimaþjónustu og uppbyggingu öldrunarheimila. Allar ákvarðanir þurfa að miðast við fjölgun aldraðra. Áhugi og þekking á starfi ráðsins er takmörkuð innan bæjarkerfisins. Rætt hefur verið um að bærinn taki aftur við heimahjúkrun og hefur allt samstarf við framkvæmdastjóra öldrunarheimilanna verið mjög gott. Safna þarf saman tölfraðilegum upplýsingum um fjölda eldri borgara og spá um fjölgun. Gera þarf sérstaka aðgerðaráætlun um málefni eldri borgara. Mikil ólga er hjá notendum Punktsins um áætlaða breytingu á starfi hans. Halldór ræddi um breytingu á starfshópnum og nýja starfslýsingu hópsins. Hvatti til að EBAK legði fram ályktun um aðgerðir varðandi heilsueflingu. Haukur benti á samantekt um starfsemi öldungaráða, sem nýverið hefur verið unnin. Einnig um forgangsroðun verkefna. Hallgrímur lagði fram samantekt um heilsueflingu eldri borgara. Sigríður lagði til að fulltrúar EBAK í öldungaráði og stjórn félagsins hittust aftur í janúar/febrúar. Margrét lagði áherslu á að ekki verði lokað fyrir þá sem búa í blokkunum í Bugðusíðu og í Víðilundi þótt ófært sé vegna veðurs.
- 7. Verkefni milli stjórnarfunda:**
 - a) Heimsókn bæjarstjóra og sviðsstjóra samfélagssviðs. Bæjarstjóri og formaður EBAK undirrituðu viðauka við samning félagsins við Akureyrarbæ um aukna fjárveitingu vegna launabreytinga. Aukningin nemur 1,2 milljónum (tölfhundrað þúsundum) á ári. Framlag bæjarins árið 2020 verður því 5,2 milljónir krónur. Rætt var um skiptingu Punktsins og flutningi hluta hans upp í Víðilund. Að lokum var gengið um húsnæðið og það skoðað.
 - b) Spjaldtölvukynningar. Verður tekið upp eftir áramót.
 - c) Dansklúbbur. 29 mættu síðast af 45 félögum. 18 stofnfélagar og 11 nýir.
 - d) Starfið í Bugðusíðu. Sjálfboðaliðar hafa þurft að hlaupa stundum inn í starfið að undanförmu.
 - e) Ferðir á milli félagsmiðstöðva. Búið er að setja upplýsingar upp í félagsmiðstöðvunum.

8. Námskeiðahald á vorönn:

- a) Matreiðslunámskeið. Garðar hittir kennarann á morgun.
- b) Skriðsundsnámskeið 2. Málið verður skoðað eftir áramót.
- c) Dansnámskeið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um slíkt námskeið.

9. Félagsskírteini. Veðrið setti strik í afhendingu þeirra. Garðar og Torfhildur verða í Bugðusíðu milli kl. 19 og 20 á fimmtudagskvöldið til að afhenda skírteini. Viðburðir verða nýttir eins og jólahlaðborð á föstudaginn. Frestað að öðru leyti fram yfir áramót.

10. Undirbúningur aðalfundar.

- a) Bréf til nefndaformanna. Bréfið hefur verið sent.
- b) Tillögur til breytinga á samþykktum. Sent öllum stjórnarmönnum.
- c) Tímasetning aðalfundar. Áætlað að halda fundinn þriðjudaginn 24. mars kl. 13.30.

11. Önnur mál:

- a) Jólagaðningur fyrir starfsfólk. Ákveðið var að kaupa gaðning fyrir starfsstúlkurnar og einnig fyrir ræstingakonuna vegna sérlega góðrar þjónustu.
- b) Hjartastuðtæki. Margrét kannaði málið og virðast tækin allsstaðar vera uppseld. Birgir stakk upp á að ræða við slökkviliðið og sjúkraflutningamenn um málið.
- c) Bréf frá Útval-Útsýn barst til formanns og framsendi hann það til formanns ferðanefndar.
- d) Ársfundur LEB verður 28. apríl kl. 10 á Selfossi.
- e) Afsláttarmál. Torfhildur sagði frá því að hún fékk afslátt á jólavöru hjá Axels bakarii.
- f) Garðar minntist á röng netföng félaga, sem koma í ljós þegar sent er á póstlista félagsins.

12. Fundarslit: Formaður sleit fundi kl. 15.00.

Hallgrímur Gíslason ritaði fundargerð.